



Landssamband æskulýðsfélaga

Námskeið í bókhalds- og skattskilum félaga

Haldið 11. febrúar 2010

Leiðbeinandi á námskeiðinu var Einar Ólafsson, löggiltur endurskoðandi.

Farið var yfir eftirfarandi atirði á námskeiðinu:

Bókhaldskyldu
Tekjuskatt
Viðrisaukaskatt
Fjármagnstekjuskatt
Tryggingjald
Ábyrgð stjórnenda
Störf gjaldkera
Framtöl óskattskyldra aðila.

Á þjónustuvef Ríkisskattstjóra www.skattur.is og á vef Ríkisskattstjóra www.rsk.is er að finna mjög mikið af gagnlegum upplýsingum er varða skattskil félaga. Hægt er að skila lang flestu rafrænt í gegnum vef Ríkisskattstjóra.

Bókhaldsskylda

Mikilvægt er að stjórnarmenn viti hvaða ábyrgð þeir taka að sér þegar þeir setjast í stjórn. Samkvæmt lögum um bókhald eiga félög sem stunda atvinnurekstur, fjárölfun eða hafa fjárvörslu að halda bókhald. Skylda er fyrir þessi félög að færa tvíhliða bókhald t.d. í bókhaldskerfi eða excel. Hægt er að komast hjá því færa tvíhliða bókhald ef félög stunda ekki atvinnurekstur og tekjur koma eingöngu frá félagsmönnum. Þessi félög mega hafa allta að einn starfsmann án þess að þurfa að færa tvíhliðabókhald. Þessi félög verða samt sem áður að halda sundurliðað bókhald þar sem tekjur og gjöld eru sundurliðuð. Allir verða því að hafa einhvers konar skráningarkerfi á bókhaldi sínu.

Mikilvægt er að allar inn og útborgari fari í gegnum bankareikning í stað þess að greiða með peningum. Með því er auðveldara að rekja greiðslur ef gleymst hefur að taka nótu eða skila kvittun fyrir útlögðum kostnaði. Megin reglan er að leggja allar tekjur inn á bankareikning.

Spurning:

Nú er lítið aðhald við félög varðandi bókhald og skattskil? – Það kemur til að því að félög eru ekki skattskyld sem slík. Félög eru svolítið lausari í reypunum en fyrirtæki. Félögum ber þó að skila inn framtölum óskattskyldra aðila en það hefur aldrei verið keyrt í það að miklum krafti að þau skili.

Tekjuskattur

Samkvæmt lögum nr. 90/2003 eru félög undanþegin tekjuskatti. Félög eru þó ekki undanþegin öllum sköttum t.d. ekki fjármagnstekjuskatti. Aðrir lögaðilar t.d. einkahlutafélög geta einnig verið undanþegin tekjuskatti séu þau ekki rekin með hagnarsjónarmið og allur hagnarður þeirra renni til almannaheilla.

Félög eru ekki tekjuskattskyld þó þau reki atvinnu. Atvinnustarfsemin er hins vegar virðisaukaskattskyld.

Spurning:

Hvað er atvinna og hver er munurinn á fjáröflun og atvinnu? - V-in, varanlegt og verulegt, tvö er mikilvægt að hafa í huga þegar hugað er að því hvað telst atvinna. Telst það t.d. atvinna að kaupa klósettpappír og selja hann aftur? Er það atvinna að setja upp fimm daga flugeldasölu? Í þessu ljósi þarf að huga að því hversu umfangs mikil fjáröflunin er hvort um sé að ræða fjáröflun eða atvinnu. Klósettpappír sala flokkast t.d. sem fjáröflun en ekki atvinna á meðan flugeldasala björgunnarsveitanna telst atvinna. Munurinn er sá að í flugeldasölu eru settir upp sölustaðir og fjáröflunin er veruleg, sem sagt veruleg og varanleg. Klósettpappírsala á hinn bóginn er einsaklingssala frá manni til manns og alls ekki endilega verulegar fjárhæðir. Skatturinn flokkar mun á fjáröflun og atvinnu eftir fjárhæð.

Félög þurfa ekki að skila inn skattframtali vegna tekjuskatts. Þau þurfa eingöngu að skila inn skattframtali óskattskyldra félaga nr. RSK 1.06. Nánar í kaflanum Framtöl.

Virðisaukakattur - VSK

Strangt til tekið á að skila vsk af allri sölu. Ekki er mikið fylgst með því hvort félög skili vsk af allri sölu sinni. Á vefnum www.rsk.is er að finna ítarlegan bækling um skattskyldur íþróttafélaga. Upplýsingarnar í honum geta nýst öllum félögum og er í honum farið ítarlega í gegnum skyldur um vsk.

Í einhverjum tilfellum er hægt að fá undanþágur frá því að greiða vsk. Þetta er einkum miðað við ákveðna upphæð. Í reglugerð kemur fram að viðmiðið sé 220.000kr. Félög sem stunda sölu að einhverju tagi geta farið til skattstjóra og látið meta hvort þau geta fengið undanþágu frá greiðslu vsk.

Athugið að eingöngu á að skila vsk af hagnaði sölunnar en ekki af heildarverði vöru.

Úrskurðar hefur verið í nokkum málum um hvað sé vsk skylt. T.d. hefur verið úrskurðað að dósasöfnun er ekki vsk skyld.

Auglýsingar

Auglýsingar sem safnað er t.d. í blöð og bæklingar eru vsk skyldar. Vsk af sölu auglýsinga í blöð er 25,5%. Ef félög selja blaðið sitt þarf að greiða 7% vsk af sölu blaðsins. Leyfilegt er að taka innskatt á móti vsk. Það gildir þá t.d. bara um þær blaðsíður sem auglýsingar eru prentaðar á en ekki aðrar í blaði. Þetta kemur til að því að þegar félag borgar fyrir pretun á blaði þá er vsk innifalin í verðinu á prentun og þannig búið greiða ákveðin vsk. Ekki eru til ákveðnar reglur um þetta en samkomulag er milli nokkurra stóra félagasamtaka og skattstofunnar um að taka megi hluta innskatti á móti kostnaði af vsk.

Spurning:

Ef opinber stofnun borgar styrktalínu í blað hjá félagi er það þá vsk skylt? – Hér skiptir höfuðmáli hvort styrktarlínan hefur auglýsingagildi fyrir viðkomandi stofnun. Þetta á raunar

líka við um alla lögaðila sem kaupa styrktarlínur eða auglýsingar. Ef ekkert auglýsingagildi er í styrktarlínunni er hægt að skilgreina greiðsluna sem styrk fremur en auglýsingu og þá ekki vsk skyld. Sama gildir um auglýsingar. Segjum sem svo að heilsíðu auglýsing sé 250.000kr virði í blaði félagasamtak. Sá sem kaupir auglýsinguna borgar 1 milljón fyrir hana. Þá ber að greiða vsk af 250.000kr sem er virði auglýsingarinnar en restin, 750.000kr, flokkast sem styrkur og er ekki vsk skylt. Þetta er því spurning um gagngjald. Ekkert auglýsingagildi er ekki auglýsing heldur styrkur.

Heimasala

Samkvæmt skattstjóra er heimasala vskskyld. Lítil eftirlit er þó með heimasölu og afar fá félög sem raunverulega skila vsk af heimasölu. Í mörgum tilfellum færi það með heimasölu ef skila þyrfti vsk enda álagning oft lítil á vörunni sem seld er.

Ef menn selja til að græða og selja í atvinnuskyni skal greiða vsk af sölunni en selji menn vörur á kostnaðarverði þarf ekki að skila vsk enda er þá enginn virðisauki fyrir þann sem selur.

Aðstöuleiga er vsk skyld. T.d. ef félag heldur kynningu og selur básapláss. Sú sala er vsk skatt skyld. Föst leiga félaga er þó undanþegin vsk.

Mikilvægt er að skila vsk til ríkissjóðs því vsk er í raun vörsluskattur þar sem sá sem innheimtir hann er eingöngu með hann í vörslu fyrir ríkið en á hann ekki. Það er lítið alvarlegum augum að innheimta vsk og skila honum ekki. Dómar sem fallði hafa í vsk málum eru oftast harðir.

Skila á vsk á tveggja mánaða fresti. Sé menn þó með veltu innan við 1.400.000kr á ári er nóg að skila vsk einu sinni á ári.

Virðisaukaskattmál eru flókin þegar kemur að félögum og þau eru oft á gráu svæði. Mikilvægt að eitthvert kommon sens sé á málunum.

Fjármagnstekjuskattur

Félög sem ekki eru skattskylda borga þó fjármagnstekjuskatt. Í flestum tilfellum sjá bankarnir um að taka þennan fjármagnstekjuskatt af reikninum. Dragi bankinn ekki fjármagnstekjuskattin og félög eru með ógreiddan fjármagnstekjuskatt þarf að skila inn eyðublaði RSK 1.07 eða skattframtali óskattskyldraaðila RSK 1.06.

Athugið að greiða skal fjármagnstekjuskatt af gengishagnaði. Séu félög með gjaldeyrisreikninga sem skila gengishagnaði. Bankar draga ekki fjármagnstekjuskatt af gjaldeyrisreikningum.

Fjármagnstekjuskattur er í dag 18%.

Tryggingjald

Þau félög sem greiða laun eiga að skila eins og önnur fyrirtæki, staðgreiðslu, lífeyrissjóðgjaldi og trygginggjaldi. Tryggingagjald er upphæð sem fer meðal annars í atvinnuleysistryggingasjóð. Þetta þarf ekki að gera ef menn eru verktakar því þá eiga þeir sjálfir að sjá um að skila þessum greiðslum. Alla jafna verður því að greiða verktökum talsvert hærri laun í krónutölum en launamanni.

Tryggingagjald í dag er 8,75% og hefur hækkað talsvert síðasta árið.

Allt sem starfsmaður fær greitt hvort sem það eru peningar eða hlunnindi eru skattskýlt. Undanþegnir eru dagpeningagreiðslur upp að ákveðnu marki. Upplýsingar um dagpeninga undanþegna skattskyldu er að finna á vefnum www.rsk.is.

Styrkir sem félög hljóta til að greiða kostnað vegna sjálfbóðaliða og starfsnema flokkast líklega sem endurgreiðsla kostnaðar en ekki laun eða hlunnindi og eru því ekki skattskyld. Þetta á einkum við styrki Evrópu unga fólksins vegna EVS og Leonardó styrki og aðra mannaskiptastyrki á vegum Evrópusambandsins.

Samkvæmt reglum eru útgreiddir styrki frá félagi skattskyldir. Til dæmis ferðastyrkir og þess háttar. Það er þó ekki venjan að gefa það upp enda oftast lágir. Reglan væri þó að styrkþegi gæfi styrkinn upp á skattframtali sínu samkvæmt launamiða frá félaginu sem veitti styrkinn.

Ábyrgð stjórnenda

Stjórnarmenn í félögum bera ábyrgð á fjármálum þess. Gjaldkeri ber ekki einn ábyrgðina heldur ber öll stjórnina hana saman. Ekki nægir að bera fyrir sig vankunnáttu ef eitthvað kemur upp á því stjórnarmenn bera ábyrgð burt séð frá kunnáttu sinni í fjármálum.

Stjórnarmenn og þar með talið gjaldkerinn ættu að passa upp á leggja fram gögn reglulega á stjórnarfundum og reglan ætti að vera sú að ársreikningar og skattaskil séu lögð fram á stjórnarfundum. Að fylgjast með bankareikningum er ekki bara gott til að vita hver staðan er heldur líka gott stjórnunartæki til að vega og meta hvaða verkefni er hægt að fara út í.

Stjórnarmenn aðrir en gjaldkerar ættu að veita gjaldkera sínum aðhald í starfi með því að fylgjast með fjármálunum líka.

Flest félög hafa kjörna skoðunarmenn. Góð regla er að festa í samþykktir/lög félagsins hvernig skal staðið að vali á skoðunarmönnum til að tryggja að þeir séu óháðir.

Stjórnarmenn geta verið í vöndum málum ef þeir eru ekki með fjármál félagsins á hreinu. Að brjóta bókhaldslög eða skattalög varðar refsingum allt frá sektum til fangelsisvistar. Brot á virðisaukaskattskyldum varða ströng viðurlög og oft hafa fallið þungir dómar í virðisaukaskattsmálum. Það er þó ekki bara fyrir yfirvöld sem er gott að hafa allt á hreinu í fjármálum, það er líka gott fyrir eigin félagsmenn svo þeir sjái að fjármunum félagsins sé varið í verðug verkefni og hægt sé að útskýra allan kostnað. Stjórnarmenn ættu því að þekkja ábyrgð sína þegar þeir setjast í stjórn.

Ef félag er deildaskipt er líklegast að aðalstjórn félagsins geti verið ábyrg fyrir klúðri stjórna í deildum. Það hefur verið úrskurðaða hjá hæstarétti að í íþróttafélögum eru aðalstjórnir ábyrgar fyrir klúðri deilda.

Störf gjaldkera

Störf gjaldkera eru eftirfarandi:

Annars greiðslu reikninga og annara gjalda

Innheimta félagsgjöld og aðrar tekjur

Halda viðeigandi bækur til amfræmis við lög um bókhald.

Sjá um skýrslugerð á sviði fjármála m.a. gerð ársreikninga

Hafa gott yfirlit yfir fjárhagsstöðu félagsins og veita stjórn upplýsingar þar um.

Sjá um að vaðeita fjármuni félagsins og ávaxta þá á sama bestan en jafnframt öruggasta hann.

Þetta eru mörg störf en ekki þar með sagt að gjaldkeri þurfi að gera þau öll sjálfur. Hans starf er að sjá til þess að þessir hlutir séu gerðir. Til dæmis er hægt að ráða bóka til þess að bóka og gera ársreikning. Félög með starfsmann/menn geta látið það í hendur starfsmanns að greiða reikninga.

Hvað varðar að ávaxta fjármuni félagsins er oftast öryggast að ávaxta þá á bankabók. Ef ávaxta á fé með öðrum og ótryggari hætti t.d. með hlutabréfa kaupum er eðilegt að það sé ákvörðun allra stjórnarinnar en ekki bara gjaldkerans. Verði hlutabréfakaup eða önnur órugg fjárfesting til þess að félagið tapi miklu fé er eðilegast að félagsmenn gerir athugasemd við það og stjórnin þá felld.

Hæfniskröfur gjaldkera

Hæfniskröfur gjaldkera þurfa ekki að vera gríðarleg þekking á reikningsskilum og bókhaldi. Gjaldkeri þarf einkum að vera heiðarlegur og reglusamur, hafa fylgiskjöl fyrir öllum greiðslum og innheimtum og fá sér aðstoð eftir þörfum.

Gott er fyrir félög að hafa reglu á að það sé ekki á hendi sama aðila að greiða, bóka og samþykkja reikninga. Þetta á ekki endilega við verulega smá félög. Gott er að fá sér utanað komandi bóka sem sér um að bóka. Sé starfsmaður hjá félag getur hann greitt reikninga og gjaldkeri samþykkt þá.

Það er gott að hafa í huga að þó að launamaður hjá félagi greiði sér laun sjálfur þá ætti gjaldkeri alltaf að þurfa að samþykkja launagreiðslur.

Framtöl

Félög eiga að skila inn skattframtali óskattskyldra aðila sem er eyðublað 1.06 hjá Ríkisskattstjóra. Það eyðublað er einskona regnhlíf yfir ýmis eyðublöð sem félög gætu þurft að skila. Þau félög sem eru með síðu hjá Ríkisskattstjóra geta nálgast þetta framtal rafrænt. Aðrir geta skilað því á pappír og fundið það til úprentunar á vefnum www.rsk.is.

Eyðublað 1.07 er framtal vegna fjármagnstekjuskatts. Þessu þarf eingöngu að skila sé fjármagnstekjuskattur ekki dregin af bankareikningi félagsins og félagið eigi því eftir að skila skatti af fjármagstekjum. Þetta eyðublað er einkum fyrir allar minnstu félögin eða félög ekki með starfsmann og skila ekki einn framtali 1.06.

Skili félag inn framtali 1.06 er ekki þörf á því að skila inn 1.07 því bls 3 í 1.06 fjallar um fjármagstekjur.

Félög sem greiða laun þurfa að fylla út bls 2 í framtali 1.06. Það er svokallað launaframtal. Upplýsingar á launaframtalinu eiga að stemma við upplýsingar um laungreiðslur í ársreikningi.

Skilafrestur skattframtals óskattskyldra aðila er til 31. maí.

Félög sem greiða laun eiga að skila launamiða fyrir starfsmenn sína. Skilafrestur er til 10. febrúar og er það einkum gert til þess að skattstjórinn geti forprentað sem mestar upplýsingar inn í skattframtöl einstaklinga.